


Draumur um bergmál, 1995
Trérista, 74 x 53 cm

Dream of an Echo, 1995
Woodcut, 74 x 53 cm



Karen Kunc

Hafnarborg 13. til 29. apríl 1996

Árið 1987 var viðburðaríkt fyrir íslenska grafíklistamenn. Í fyrsta skipti tókst að halda alþjóðlega grafík-sýningu hér á landi, en það var *Graphica Atlantica* sem haldin var á Kjarvalsstöðum á vegum félagsins Íslensk grafík. Eins og nafnið gefur til kynna var þema sýningarinnar grafíklist beggja vegna Atlantshafsins, annars vegar frá Norður-Ameríku og hins vegar frá Evrópu. Að sjálfsögðu var skipuð alþjóðleg dómnefnd sem veitti verðlaun. Fyrstu verðlaun komu í hlut Karenar Kunc fyrir tréristu í lit. Þetta var í fysta sinn sem ég veitti nafninu Karen Kunc eftirtekt. Tréskurðarmyndin *By the Falls* bjó yfir sannfærandi ferskleika, skýrum litum og expressifum skurði. Allt þetta samtvinnast mjúkkum litaskilum sem minna á japanskar þrykkmyndir.

Síðan sýningin *Graphica Atlantica* var haldin eru liðin átta ár og tengsl Karenar Kunc við Ísland hafa styrkst. Árið 1995 tókst Myndlista- og handiðaskóla Íslands að fá hana sem gestakennara til að kenna sínar aðferðir við tréristu. Og nú gefst okkur tækifæri til að kynna verkum hennar frá síðastliðnum sex árum.

Á þessu tímabili hafa myndir Karenar öðlast meiri dýpt og myndbyggingin er enn djarfari. Myndirnar eru byggðar á kröftugum og gróskumiklum formum sem vaxa, hlykkjast, skerast og þenjast. Hún notar liti eins og rautt, rauðgult, purpuralit, gult og blátt. En henni tekst að temja það villta: Þetta eru töfrarnir sem rísa af samspilinu milli smárra kyrra flata og fínlegra gegnsærra litatóna sem standa andspænis stórum en jafnframt kvikum formum. Spennan eykst fyrir tilstilli sporbauga sem sjá má í öllum myndum Karenar. Sporbaugurinn hefur merkinguna „egg alheimsins“, tvíhliða form sem táknar ris og hnig, þróun og hnignun.

Það er margt sem felst í myndum Karenar Kunc og ánægjulegt að fá að sjá þær hér á landi. Við bjóðum Karenu velkomna.

Sigríð Valtingojar grafíklistamaður

The year 1987 was an eventful one for printmakers in Iceland. For the first time an international exhibition of prints was held in the country, the exhibition *Graphica Atlantica*, sponsored by the Association of Icelandic Printmakers. As the name suggests, the exhibition included works by artists from both sides of the Atlantic, from Europe and North-America. An international jury was set up to judge the works of the participants and award prizes. The first prize went to Karen Kunc for a coloured woodcut and this was the first time I took note of this artist's name. The woodcut *By the Falls* had about it a convincing freshness, printed in clear colours and with expressive cuts. The colours blended along soft edges, giving the work an aura reminiscent of Japanese prints.

Eight years have passed since the exhibition *Graphica Atlantica* was held and Karen Kunc has maintained a strong link to Iceland. In 1995 the Icelandic College of Arts and Crafts invited her to come as a visiting professor to teach her method of woodcutting. Now we are given a chance to see her works from the last six years.

In this period Karen's works have gained in depth and the composition is even more daring than before. The prints are based on powerful and vibrant forms that grow, weave, cut across each other and expand. She uses such colours as red, orange, purple, yellow and blue. But she manages to tame the wild forms and colours, and this is the magic that rises from the play of her small shapes and delicate, almost transparent colours and the larger more dynamic forms. The dynamic is emphasized by the elliptical forms that appear in every picture. The ellipse is "the cosmic egg" and the two sides signify descent and ascent, involution and evolution.

There is much to see and enjoy in Karen Kunc's prints and it is a pleasure to get to see them here in Iceland. We welcome Karen back.

Sigríð Valtingojar, printmaker